

Umsókn um styrk úr þróunarsjóði vegna námsferðar starfsmanna Þjósárskóla í júní 2024.

Á grundvelli reglna um þróunarsjóð skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps og og skólustefnu sveitarfélagsins til 2028 er sótt um styrk til námsferðar starfsmannahópsins í Þjósárskóla í júní nk.

Ferðin er skipulögð til að efla fagmenntun og fagmennsku starfsmanna, auka tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar og styðja við frekari þróun skólastarfs í Þjósárskóla. Ofangreindur tilgangur námsferðar er í samræmi við skólustefnu okkar og til þess gert að hlúa að mannauði skólans sem er grunnur að góðum og framsæknum skóla eins og skólustefnan gengur út á. Námsferðin verður hluti af endurmenntun starfsmanna, bæði kennara og almennra starfsmanna, því í skólanum eru allir mikilvægir í heildarstarfsemi skólans. Með því að sameina ferð til að efla starfsmannahópinn sem heild um leið og fagmennska er aukin teljum við okkur vera að byggja grunn að frábæru og árangursríku skólastarfi innan Þjósárskóla og kynnast nýjum skólum í öðru landi sem hægt er að læra af.

Skipulagið er þannig að nýttir verða frágangsdagar í júní til að fara í námsferð og fólk vinnur þá daga á öðrum tímum í staðinn. Frágangsdagar eru án nemenda og því auðvelt að færa þá til og inn á endurmenntunartíma skólans, sem sagt síðar í júní.

Í ferðinni er gert ráð fyrir tveimur dögum sem skipulagðir eru til náms starfsmanna og eflingar skólastarfs með markvissum hætti. Til viðbótar er einn dagur notaður til að efla hópinn sem heild. Tveir dagar í ferðinni eru án skipulags sem leyfir öllum hópnum að njóta sín á eigin forsendum.

Tripical ferðaskrifstofa skipuleggur dagskrá endurmenntunar og vettvangsferða fyrir hópinn út frá áherslum Þjósárskóla. Áherslum er nánar lýst í viðhengi en er m.a.

Að nýta kosti aldursblöndunar eins og segir í skólustefnunni með því að kynna okkur aðferðir við að leggja grunn að teymiskennslu í mismunandi (fjórum) árgöngum á yngsta stigi. Markmið kennara við skólann er að nýta breytingar til þess að efla teymiskennslu í 1.-4. bekk. Á Íslandi eru til sérfræðingar sem hafa innleitt teymiskennslu í árgangi en okkar markmið er að kynnast teymiskennslu þvert á árganga, læra um skipulag, aðferðir og helst að flétta inn í það eflingu á ábyrgð nemenda í námi sínu og lýðræði þeirra.

Við viljum líka skoða húsnæði fjölbreyttra skóla með mismunandi kennsluhætti til að geta mögulega lagt eitthvað til við hönnun á framtíðarskóla okkar með nýjum áherslum. Í dag teljum við okkur hafa takmarkaðar forsendur til að koma með tillögur og því viljum við reyna að afla okkur upplýsinga og kynnast skólum sem hafa farið í breytingar á skólastarfi í líkingu við það sem liggur fyrir hjá okkur varðandi næstu árin. Það að skoða og heyra af hvernig húsnæði hafi verið breytt og aðlagað nýjum áherslum gæti hjálpað okkur í þessu tilviki. Jafnframt viljum við skoða fjölbreytt húsgögn og búnað sem nýttur er í kennslu barna á grunnskólaaldri og þá sérstaklega

unglinga sem von er á til okkar en einnig hvernig búnaður er nýttur við kennslu yngri barna.

Að lokum er stefnt að því að fylgjast með kennsluaðferðum sem mögulega gætu gagnast okkur í frekari skólaþróun innan Þjósárskóla. Þá er horft til þess hvernig móttökuskólar mæta heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna eins og okkar skólastefna gerir ráð fyrir og þá sérstaklega varðandi fjölbreytni í kennsluháttum og sjálfbærni. Áhersla Þjósárskóla er á þessu sviði og í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins og auðvitað má gott gera betur og fjölbreyttara.

Kostnaðaráætlun sem liggur fyrir í dag er:


Flug og hótél: 159.990:-

Námsskeiðspakki: 39.000:-

Samtals á hvern starfsmann: 198.990:-

Með fylgir samþykki skólastjóra og óskað er eftir undanþágu frá öðrum skilyrðum sjóðsins til að mæta ofangreindum kostnaði sem mest þar sem miklar breytingar standa fyrir dyrum innan Þjósárskóla og því mikilvægt að styrkja hópinn sem heild.

Skipulagsnefnd starfsmanna.


Elin Moqvist


Andrea Sif Snæbjörnsdóttir

Skólaheimsókn og fræðsluferð starfsfólks
Þjórskóla
01. Júní - 06. júní2024
ALICANTE
KF772 – DRÖG

ATHUGIÐ AÐ HÉR ERU FYRSTU DRÖG OG EKKI ER ÆTLAST TIL ÞESS AÐ ÞAU SÉU
TIL ANNARS EN FYRIR HÓPINN TIL AÐ SJÁ HVERNIG ÁÆTLAÐ ER AÐ DEILA TÍMA
YKKAR MILLI FRÆÐSLU OG FRJÁLS TÍMA.

01. JÚNÍ Kl. 15:10-21:45 Kl. 22:00	LAUGARDAGUR- BROTTFÖR Flug Keflavík með PLAY. Lent að staðartíma. Rúta bíður hópsins á flugvelli. Innritun á Hótel La City Estacion
02. JÚNÍ	SUNNUDAGUR - FRJÁLS DAGUR
03. JÚNÍ Kl. 08:00 Kl. 08:30 – 15:30 Kl. 16:00	MÁNUDAGUR– SKÓLAHEIMSÓKNIR (6 klst. með hádegishléi og akstri 8 klst.) Mæting í anddyri hótels og farið með rútum í skólaheimsóknir Skólaheimsóknir Hópnum skipt í tvo hópa og gert ráð fyrir að hvor hópur heimsæki tvo skóla og fái fræðslu um skólakerfið á Spáni. Við gerum ráð fyrir að heimsækja skóla í nágrenni Alicante og heimsækjum borgina Elche. Hádegisverður verður á milli heimsókna og gert ráð fyrir að akstur sé um 30 mín hvora leið. Komið heim á hótel
04. JÚNÍ Kl. 08:30 Kl. 09:00 – 13:00 Kl. 13:00-	ÞRIÐJUDAGUR– SKÓLAHEIMSÓKNIR OG NÁMSKEIÐ (4 klst.) Mæting í anddyri hótels og farið með rútum í skólaheimsókn Skólaheimsókn Hópnum skipt í tvo hópa og gert ráð fyrir að hvor hópur heimsæki tvo skóla í Alicante. Frjáls tími
05. JÚNÍ 09:00-12:00 Kl. 12:00 -	MÍÐVIKUDAGUR – NÁMSKEIÐ (3 klst.) Námskeið: Núvitund/ Mindfullnes og leikgleði - hagnýt verkfæri fyrir nemendur og starfsmenn skóla í dagsins amstri. Frjáls tími
06. JÚNÍ Kl. 19:00 - Kl. 22:45 – 01:30	FIMMTUDAGUR – HEIMFERÐARDAGUR Útritun af hóteli og lagt af stað að flugvelli Flug PLAY frá Alicante. Lent að staðartíma í Keflavík 7. júní